

3. Áhorfandi eða hjálparhella

Hvað get ég gert?



Málefni	Friður og mannöryggi, ofbeldi
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	7–13 ára
Tími	60 mínútur
Hópstærð	4–24 börn
Tegund verkefnis	Börnin segja frá reynslu sinni af því að hafa verið fórnarlamb, niðingur, áhorfandi eða hjálparhella í aðstæðum sem varða mannréttindi
Yfirlit	Frásögn, umræður
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að sýna að allir standi frammi fyrir einhvers konar ofbeldi í lífinu • Að leggja áherslu á að fólki beri að virða og vernda hvert annað • Að fjalla um hvað felst í því að vera „hjalparhella“
Undirbúningur	Valfrjálst: taka ljósrit af umræðuleiðbeiningum fyrir hvern hóp
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Veggsþjald og merkipennar eða tafla og krít • Valfrjálst: Umræðuleiðbeiningar

Leiðbeiningar

- Minntu börnin á að ofbeldi og ill meðferð, ekki aðeins líkamleg heldur einnig andleg, sé brot á mannréttindum. Segðu börnunum að nefna dæmi um ýmiss konar ofbeldi og illa meðferð.
- Skiptu börnunum í þriggja til fjögurra manna hópa. Útskýrðu verkefnið fyrir þeim og gættu þess að allir skilji hvern þátt þess til hlítar.
 - Hver og einn á að greina frá ofbeldi eða illri meðferð sem hann hefur orðið vitni að:
 - þegar þú sást einhverjum strítt eða illa komið fram við hann;
 - þegar þú tókst þátt í að stríða einhverjum eða koma illa fram við hann;
 - þegar þú sást einhverjum strítt eða illa komið fram við hann og enginn kom honum til hjálpar;
 - þegar þú sást einhvern hjálpa manneskju sem verið var að stríða eða koma illa fram við.

Segðu þeim að nefna dæmi í hverjum flokki, eitt í einu. Gættu þess að engum verði refsað fyrir að greina hreinskilnislega frá.

 - Taka ætti 15 mínútur í þennan hluta verkefnisins. Sitjið fyrst í rólegheitum og veltið fyrir ykkur frá hverju þið viljið segja.

Athugið: Kunning börnin að lesa skal láta hvert par fá blað sem skipt er niður í fjóra reiti og í hverjum þeirra er greint frá tilteknum aðstæðum; það getur verið þeim til leiðbeiningar í umræðum.
- Kallaðu síðan öll börnin saman til að ræða málin. Fyrst skaltu biðja um einhver dæmi þess að fólki hafi verið strítt eða illa komið fram við það, án þess að greina á milli þeirra atvika sem horft var á og þeirra sem börnin tóku þátt í. Skráðu þessi „brot“ á töflu eins og sjá má hér fyrir neðan.
- Síðan skaltu biðja um dæmi í „hjalparhellu“-flokknum.
- Og að lokum skaltu biðja um dæmi í „áhorfanda“-flokknum. Spyrðu t.d. „Hvað hefði verið hægt að gera í einhverjum tilvikum til að hjálpa í stað þess að horfa á? Skráðu svörin á töfluna.
 - Tilbrigði: Notaðu listann yfir ofbeldi og illa meðferð sem til varð í 3. lið og spyrðu á hvern hátt einhver hefði getað hjálpað. Skrifðu niður svörin.



Samantekt og mat

- Lestu upp listann yfir hjálpartillögurnar sem skráðar voru í 5. lið verkefnisins. Ræddu um hvernig fólk getur komið til hjálpar við að vernda mannréttindi með því að spyrja spurninga á borð við eftirfarandi:
 - Hverjar af tillögnum væri erfitt að framkvæma? Hverjar væru auðveldari?
 - Eru einhverjar tillögur á listanum sem þið haldið að þið gætuð framfylgt?
 - Hvað hindrar fólk í að koma til hjálpar?
 - Gæti staða mannréttindamála orðið betri ef fleiri kæmu til hjálpar í stað þess að horfa bara á?
- Ræddu um hvernig við getum komið hvert öðru til hjálpar og spyrðu spurninga á borð við eftirfarandi:
 - Hvaða mannkostum þarf einstaklingur að vera búinn til að gerast „hjálparella“, þ.e. að styðja mannréttindi?
 - Hvað getum við gert til að stuðla að því að fólk styðji mannréttindi?
 - Hvernig getum við hvatt aðra í okkar hópi til að gerast „hjálpahellur“?
- Láttu að lokum koma skýrt fram að allt ofbeldi eða ill meðferð á börnum, þar á meðal einelti meðal barna, sé brot á mannréttindum. Svona hlutir eiga sér hvarvetna stað, hvar sem er í heiminum. Leggðu áherslu á að með því að fræðast um mannréttindi fræðumst við einnig um hvað við getum gert til að vernda réttindi hvers annars. Við getum ekki útrýmt öllu ofbeldi og misþyrmingum, en við getum hjálpast að í eigin samfélagi.

Tillögur um framhald

Í verkefnum á borð við „Orð sem særa“, bls. 160, þar sem raunveruleg hegðun barna er til umfjöllunar er tilvalið að skoða þessar umræður í ljósi raunverulegra aðstæðna.

Hugmyndir um aðgerðir

Ef börnin hafa búið sér til reglur um hvernig bregðast skuli við má ræða um hvernig „viðbrögð hjálpahellu“ geta fallið undir þær reglur.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Gakktu á milli hópanna til að ganga úr skugga um að allir skilji um hvað verkefnið snýst, að börnin sinni úrlausnarefnunum í réttari röð og að allir fái jafn mörg tækifæri til að tjá sig.
- Verndaðu rétt barnanna til einkalífs með því að skoða málin út frá almennu sjónarmiði en ekki persónulegu, nema þegar um dæmi um aðild að ofbeldi eða illri meðferð er að ræða.
- Þú skalt aðeins leggja þetta verkefni fyrir börn sem þú hefur unnið með áður. Mikilvægt er að skapa öryggistilfinningu hjá börnunum innan hópsins áður en hafist er handa.

Valfrjálssar umræðuleiðbeiningar

Þegar þú sást einhverjum strítt	Þegar þú tókst þátt í að stríða einhverjum
Þegar þú sást einhverjum strítt og enginn kom honum til hjálpar	Þegar þú sást einhvern hjálpa manneskju sem verið var að stríða

Tafla

Ofbeldi	Hvað er hægt að gera?

